



# FAGDEILD KRABBAMEINS- HJÚKRUNARFRÆÐINGA 20 ÁRA



**FÉLAGSMENN** Í fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga héldu upp á 20 ára afmæli fagdeildarinnar á alþjóðadegi hjúkrunarfræðinga 12. maí á Nauthól. Afmælisveislan var hin glæsilegasta. Kristín Sophusdóttir, formaður fagdeildarinnar, hélt stutta tölu og sýndar voru myndir frá krabbameinshjúkrunarfræðingum í leik og starfi. Karlar í kór Akraneskirkju sungu fyrir afmælisgesti og í lokin var sunginn afmælisbragur við texta Hrannar Finnsdóttur.



Í tilefni afmælisins er fagdeildin, í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands, með greinaröð um málefni og hjúkrun krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra undir heitinu VIÐ GETUM – ÉG GET sem birt er í Fréttablaðinu og Vísi.is. Tvær greinar hafa þegar birst, sú fyrri um forvarnir og einkenni krabbameina, eftir Nönnu Friðriksdóttur og Sigrúnu Lillie Magnúsdóttur, og sú síðari um sjúklingamiðaða þjónustu. Greinarnar verða átta talsins – ein á mánuði – og fyrirhugað er afmælistálfing í nóvember þar sem fjallað verður um þróun og stöðu krabbameinshjúkrunar bæði hérlandis og í Evrópu.